

Mál nr. 235/2018**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X****Sönnun tjóns vegna notkunar ökutækis 12.6.2018.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 1.8.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 16.8.2018 ásamt afriti úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 349/2015.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa ekið á eftir ökutækinu X 12.6.2018 norður Höfðabakka þegar grjót hafi skotist undan afturdekki ökutækisins á ökutæki M og valdið þannig tjóni á hinu síðarnefnda. Í málskoti lýsir M málsatvikum þannig að hann hafi séð stóran stein fastan milli afturdekkja ökutækisins X og hann hafi ætlað að láta ökumanninn vita af því. Ekki hafi þó gefist færi á því áður en steinninn skaust undan ökutækinu þegar því var ekið í smá sveig á veginum. M kveðst hafa tekið niður númer ökutækisins, látið eiganda fyrirtækisins sem skráð er fyrir því vita sem og haft samband við ökumanninn sem kannaðist við að hafa verið á sömu slóðum. Tjónstilkynning hafi síðan verið útbúin af Aðstoð&Öryggi þar sem aðstæðum er lýst. Í þeirri tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður ökutækisins X kveðst ekki hafa orðið var við að steinn skaust undan ökutækinu en kveðst heldur ekki rengja frásögn M. M telur að bæta eigi tjónið úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V þar sem sannað sé að tjón á hans ökutækis hafi verið vegna X.

V telur ósannað að tjón M hafi orðið vegna notkunar X og vísar til þess að frásögn M af atburðum sé einhliða og ökumaður X geti ekki staðfest hana. Það sé því ekki hægt að fallast á að orsakatengsl séu sönnuð og vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 349/2015 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í gögnum málsins eru liggur fyrir lýsing M á tjóni sem varð á ökutæki hans við akstur norður Höfðabakka. Almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir að sá sem hefur orðið fyrir tjóni verði að sýna fram á að slíkt tjón sé vegna notkunar ökutækis til að geta gert kröfu um bætur í ábyrgðartryggingu ökutækis. Í þessu máli liggur fyrir að M lét strax vita af tjóninu og lýsir aðstæðum nákvæmlega. Ökumaður ökutækis X rengir ekki frásögn hans þó hann hafi ekki séð grjótið. Þegar frásögn M er metin samhliða því að ökumaður X rengir ekki frásögn hans verður að líta svo á að næg sönnun sé komin fram um að tjón M sé vegna notkunar ökutækisins X.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 11. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.